

## Upplýsingatækni

**Heiti verkefnisins:** Staða nemenda í upplýsingatækni metin með því að spyrja þá sjálfa.

**Þátttakendur:**

Nemendur á miðstigi

**Skilgreining / afmörkun:**

Nemendur miðstigs taka stöðuverkefni í ýmsum þáttum upplýsingatækni s.s. word, windows og powerpoint og meta eigin færni í leiðinni. Auk þess taka nemendur miðstigs þátt í viðhorfskönnun í upplýsingatækni þar sem þeir segja sína skoðun á faginu svo og meta getu þeirra í ýmsum viðfangefnum upplýsingatækni s.s. ritvinnslu og glærugerð.

**Meginmarkmið:**

- Að fá meiri dýpt í stöðu nemenda í ákveðnum þáttum upplýsingatækni.
- Að geta metið stöðu fagsins út frá viðhorfum nemenda

**Útfærsla**

Allir nemendur miðstigs ásamt 4.bekk fá sambærileg verkefni sem þeir eiga að leysa. Eftir verkefnin svara þeir spurningum út frá því viðfangsefni sem þeir voru að glíma við. Spurningarnar eru ekki hinar dæmigerðu þekkingarspurningar heldur meira viðhorfsspurningar í garð eigin þekkingar. Dæmi úr ritvinnsluspurningum:

- Ég á auðvelt með að móta texta í word s.s. feitletra, skáletra miðja texta og þess háttar.
- Ég gat auðveldlega sett inn myndir í word án aðstoðar.
- Ég kann að afrita texta og líma hann annars staðar í skjalinu eða í öðru skjali.

**Mat**

Auk mats á vélritunarkunnáttu nemenda verða þessi verkefni, sérstaklega mat þeirra á eigin getu haft til hliðsjónar í námsmati vorannar. Þess verður þó sérstaklega gætt að ef nemendur (sérstaklega stelpur) dæmi sig ekki of hart.

Út frá mati nemenda ásamt verkefnunum sjálfum sem þeir leystu er útbúinn fyrir hvert viðfangsefni sem nýtist við að meta stöðu nemenda/bekkja.